



Bakkahvammur hses.
Miðbraut 11
370 Dalabyggð

28. október 2021
Tilvísun: 202110365

Tilkynning um fyrirhugaða frávísun - beiðni um frekari gögn með umsókn

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur borist umsókn frá Bakkahvammi hses., um stofnframlög ríkisins á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Sótt er um vegna *byggingar* á 3 íbúðum fyrir tekju- og eignalága í Dalabyggð. Við fyrstu yfirferð á umsókninni kom í ljós að **eftirtalin gögn sem þurfa að liggja fyrir svo hægt sé að taka umsóknina til efnislegrar afgreiðslu bárust ekki með henni:**

Staðfesting sveitarfélags

- Staðfesting á lóðarúthlutun og lóðarverði.
- Staðfesting sveitarfélags fyrir veitingu stofnframlags sveitarfélags og form, sbr. meðfylgjandi Excel skjal.

Um umsækjanda, eftir því sem við á

- Stofnfundargerð
- Staðfesting ráðherra á samþykktum félagsins.

Íbúðirnar

- Upplýsingar um hvort og hvernig hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar verða nýttar í því skyni að lækka byggingarkostnað og hvort og þá hvernig lögð er áhersla á skapandi og hugvitsamlegar lausnir og góða hönnun íbúðanna.

Fjármögnun

- Yfirlit yfir fjármögnun íbúðanna:
 - Staðfesting brúarfjármögnunar.

Öll framangreind gögn hefðu átt að liggja fyrir við lok umsóknarfrests þann 24. október sl., sbr. 12. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og 14. gr. reglugerðar nr. 183/2020. Ákveðið hefur verið að veita viðbótarfrest til skila á gögnum þessum og rennur sá frestur út í lok dags 11. nóvember nk. Í því samhengi er sérstaklega áréttað að ekki verður gefinn frekari frestur til gagnaskila. Skila þarf gögnum fyrir það tímamark til þess að hægt verði að taka umsóknina til efnislegrar meðferðar. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun áskilur sér hins vegar rétt til að kalla eftir frekari gögnum og upplýsingum á síðari stigum, ef tilefni er til.

Umsækjanda er bent á að því fyrr sem gögn berast, því fyrr er hægt að taka umsókn til afgreiðslu.

Hafi umsækjandi ekki skilað framangreindum gögnum með fullnægjandi hætti fyrir lok frestsins, verður umsókninni vísað frá í þessu úthlutunarferli.



Vinsamlegast athugið að til þess að gagnskilin teljist fullnægjandi þarf að skila framangreindum gögnum í einu lagi á netfangið stofnframlag@hms.is og merkja efni tölvupóstsins með tilvísunarnúmeri, sbr. efst í bréfi þessu.

Ef umsækjendur hafa einhverjar spurningar þá má endilega hafa samband við eftirtalda starfsmenn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða senda fyrirspurn á stofnframlag@hms.is:

Sigrún Helga Kristjánsdóttir	sigrun.kristjansdottir@hms.is	440 6451
Herdís Björk Brynjarsdóttir	herdis.brynjarsdottir@hms.is	440 6464
Sara Fönn Einarsdóttir	sara.einarsdottir@hms.is	440 6466
Kristján Gestsson	kristjan.gestsson@hms.is	440 6593

Virðingarfyllt
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar,

Valtýr Guðmundsson